

## 407. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 11. maí 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður  
Rúnar Gíslason,  
Davíð Sveinsson,  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda.
  - 1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 9.5.2006.  
**Fundargerð framlögð. Liðir 1, 3, 5, 6, 7, 8, 14 og 15 samþykktir og fundargerð samþykkt.**
  - 1.2. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 27.4. og 9.5.2006.  
**Fundargerðir framlagðar og samþykktar.**
2. Aðrar fundargerðir.  
Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 13.3.2006.  
**Fundargerð framlögð.**
3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna ársins 2005.  
**Ársreikningur framlagður.**
4. Lóðarumsóknir.
  - 4.1. Íslandspóstur sækir um lóð 1 á deiliskipulagi að verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu.  
**Umsókn vísað til bæjarstjórnarfundar.**
  - 4.2. Orkan sækir um lóð við Aðalgötu.  
**Lóðarumsókn samþykkt.**
  - 4.3. Helgi Eiríksson sækir um lóð við Borgarflöt.  
**Þessi lóð er ekki á skipulagi og umsókn því hafnað.**
  - 4.4. Þorgrímur Kristinsson sækir um lóð 2 og 3 á deiliskipulagi að verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu.  
**Umsókn vísað til bæjarstjórnarfundar.**
5. Bréf frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 12.4.2006. (Trúnaðarmál).  
**Erindi samþykkt.**
6. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands varðandi samstarf um æskulýðs- og íþróttamál, dags. 5.4.2006.  
**Jákvætt tekið í erindið og bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Ungmennafélags Íslands.**
7. Erindi frá Siglingaklúbbi Snæfells, dags. 24.4.2006.  
**Bæjarráð fagnar stofnun siglingakúbbsins, tekið er jákvætt í staðsetningu og óskað er eftir frekari upplýsingum og tillöguteikningum frá stjórn Siglingaklúbbs Snæfells.**
8. Tilkynning um vaxtabreytingu frá Lánasjóði Sveitarfélaga, dags. 5.4.2006.  
**Framlagt.**
9. Bréf frá Samgönguráðuneytinu, varðandi varðveislu vegarins yfir Kerlingarskarð, dags. 25.4.2006.  
**Bréf framlagt.**

10. Ný tilnefning í stýrihóp vegna Grunnskóla og Tónlistarskóla.  
**Katrín Gísladóttir er tilnefnd í stýrihópinn, þar sem Alda Pálsadóttir segir af sér vegna flutnings.**
11. Lögreglusamþykkt.  
**Drög að lögreglusamþykkt fyrir Stykkishólmsbæ framlögð og vísað til samþykktar í bæjarstjórn.**
12. Samningar vegna Vatnasafns.  
**Drög að samningum vegna Vatnasafns framlagðir.**
13. Samstarfssamningur við Eflingu.  
**Framlagður.**
14. Samningur við Golfklúbbinn Mostra um rekstur tjaldsvæðisins í Stykkishólmi.  
**Samningur framlagður.**
15. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006.  
**Kjörskrá framlögð.**
16. Elísabet gerði grein fyrirhuguðum fundi í skólanefnd Tónlistaskóla Stykkishólms, þar sem gjaldskrá fyrir næsta skólaár verður tekin fyrir.
17. Elísabet leggur til að drög að stefnu Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra verði lögð fyrir næsta bæjarstjórnarfund og kynnt stjórn Aftanskinn fyrir næsta fund.
18. Davíð lagði fram fyrirspurn um hvort hagstætt væri að bjóða út tölvuþjónustu bæjarins.
19. Davíð leggur til að Stykkishólmsbær sjái um að skipuleggja og auglýsa viðtalstíma bæjarfulltrúa.  
**Tillaga samþykkt.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:14

Þór Örn Jónsson, bæjarritari